



Reykjavík, 28. febrúar 2025

MSS25020084

óm

Forsætisnefnd

Ráðningarsamningur borgarstjóra

Óskað er eftir að forsætisnefnd samþykki að vísa meðfylgjandi ráðningarsamningi borgarstjórnar Reykjavíkur við borgarstjóra til afgreiðslu borgarstjórnar. Með samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur frá 21. febrúar 2025 var Heiða Björg Hilmisdóttir ráðin í starf borgarstjóra Reykjavíkur. Samkvæmt 2. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 72. gr. samþykktar nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, skal borgarstjórn gera skriflegan ráðningarsamning við borgarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin og þá skal ráðningartími borgarstjóra að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil borgarstjórnar.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Lóa Birna Birgisdóttir
Sviðsstjóri mannauðs- og
starfsumhverfissvið

Hjálagt:
Ráðningarsamningur borgarstjóra



Reykjavík

Ráðningarsamningur

Með vísan til samþykktar borgarstjórnar Reykjavíkur frá 21. febrúar 2025 gerir Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Tjarnargötu 11, Reykjavík, f.h. borgarstjórnar Reykjavíkur, og Heiða Björg Hilmisdóttir, kt. 210271-5549, með sér eftirfarandi ráðningarsamning:

1. gr.

Samkvæmt fyrrnefndri samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur er Heiða Björg Hilmisdóttir ráðin í starf borgarstjóra Reykjavíkur frá 21. febrúar 2025 til 31. maí 2026, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, og 72. gr. samþykktar nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, með síðari breytingum.

2. gr.

Laun borgarstjóra skulu vera kr. 2.628.812,- á mánuði miðað við 21. febrúar 2025 og taka breytingum í samræmi við launavísitölu til samræmis við ákvæði 1. mgr. 3. gr. samþykktar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Um föst laun er að ræða og því ekki greitt aukalega fyrir vinnu sem unnin er utan hefðbundins dagvinnutíma. Um er að ræða heildarlaun borgarstjóra og í þeim eru innifalin laun fyrir setu í ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar.

Laun samkvæmt þessari grein greiðast í sex mánuði eftir að ráðningartíma lýkur.

3. gr.

Borgarstjóri greiðir iðgjald í lífeyrissjóð og nýtur þar réttinda eins og aðrir sjóðfélagar í samræmi við samþykktir Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Mótframlag Reykjavíkurborgar vegna séreignarsparnaðar borgarstjóra fer samkvæmt almennum reglum.

4. gr.

Auk launa samkvæmt 1. gr. fær borgarstjóri greiddan fastan starfskostnað að fjárhæð kr. 155.453,- á mánuði miðað við 21. febrúar 2025. Fjárhæð starfskostnaðar tekur breytingum til samræmis við ákvæði 4. mgr. 5. gr. samþykktar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg.

5. gr.

Borgarstjóri nýtur sömu almennra réttinda og æðstu stjórnendur hjá Reykjavíkurborg, s.s. varðandi orlof, rétt til fjarvista á launum vegna veikinda og slysa og slysatryggingar, sbr. reglur um réttindi og skyldur stjórnenda sem heyra undir borgarstjóra Reykjavíkur.

6. gr.

Borgarstjóri hefur embættisbifreið til umráða.

7. gr.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á ráðningartíma samkvæmt 1. gr. er sex mánuðir. Þá hefur borgarstjóri vinnuskyldu á uppsagnarfrest ef Reykjavíkurborg óskar þess.

Reykjavík, [].mars 2025

F.h. borgarstjórnar Reykjavíkur,

Sanna Magdalena Mörtudóttir
forseti borgarstjórnar

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri